

Aframhaldandi tafir á fram- lagningu samgönguáætlunar

Nánar á bls. 2

austur glugginn

Fréttablað Austurlands

fréttæmt vikublað

41. tbl. - 10. árg. - 2011 - Föstudagur 21. október

Áskriftarverð kr. 1.400 á mánuði - Verð í lausasölu kr. 450

ISSN1670-3561

ÞÚ ERT Á GÓÐUM STAÐ

FJARÐABYGGÐ fjardabyggd.is



Síldarvinnslan hf
www.svn.is

Ný og betri afgreiðsla á Reyðarfirði

Landflutningar á Reyðarfirði hafa flutt sig um set í stærra og betra húsnæði. Er afgreiðslan opin virka daga frá 9:00-16:00.

Nýja heimilisfangið er:
Landflutningar-Samskip
Nesbraut 10 · 730 Reyðarfjörður
Sími 458 8840
landflutningar@landflutningar.is

Tillaga um Fjarðarheiðargöng lögð fyrir Alþingi

Nánar á bls. 2

Meðal efnis:

Viðhaldsframkvæmdir HSA hafa ekki áhrif á rekstrarfé stofnunarinnar **bls. 2** • Vinavikan á Vopnafirði **bls. 16** • Tap í fyrsta leik vetrar hjá Hetti í körfuknattleik **bls. 15** • Náttúrustofuping í Neskaupstað **bls. 6** • Íbúum Austurlands fjölgar **bls. 10** • Afmælishátíð Reyðarfjarðarkirkju **bls. 12**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

HYDROXYCUT

KOMIÐ Í BÓNUS 120 STK. Í DÓSINNI

7959 KR. DS

Þingsályktunartillaga um Fjarðarheiðargöng lögð fram

Arnbjörg Sveinsdóttir, forseti bæjarstjórnar Seyðisfjarðar, tók sæti á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn sl. mánudag í fjarveru Kristjáns Þórs Júlíussonar. Hennar fyrsta verk á þinginu var að leggja fram tillögu til þingsályktunar um gerð Fjarðarheiðarganga. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að undirbúningi og rannsóknum vegna Fjarðarheiðarganga verði lokið þannig að hægt sé að ráðast í gerð þeirra strax í kjölfar Norðfjarðarganganna, en undirbúningi að gerð þeirra er nú lokið.

Samskonar tillaga hefur áður verið lögð fram en í þessari tillögu er staða Seyðisfjarðar ítrekuð auk þess sem gerð er grein fyrir nýjustu rannsóknum sem gerðar hafa verið að frumkvæði samgöngumálaráðherra og vegamálastjóra og fól í sér könnun á jarðgangamunna, jarðgangaleiðum og fleiri þáttum.

Í greinargerð þingsályktunartillög-

unnar segir að „[v]etrar-einangrun Seyðisfjarðar verður ekki leyst með öðrum hætti en jarðgöngum. Í fjöldamörg árum hefur verið í athugun að leysa samgöngumál á milli Seyðisfjarðar og annarra hluta Austurlands með jarðgöngum“. Þá segir í greinargerðinni að erfiðleikar við að halda uppi samgöngum yfir Fjarðarheiði hafi sífellt aukist og að Vegagerðin hafi skilgreint 20–40 daga á Fjarðarheiði sem „vandráðadaga“, þar sem vegfarendur þurfi ítrekaða aðstoð, snjómokstur sé nánast samfelldur eða veginum hreinlega lokað.

Norðfjarðargöng fyrsti hluti stærri framkvæmdar

Í greinargerðinni segir að þar sem að mikið af gögnum um verklega framkvæmd ganganna liggja fyrir sem m.a. hafa verið unnin af frumkvæði Seyðisfjarðarkaupstaðar, SSA og Vegagerðarinnar þá ætti

tímaramminn ekki að vera of skammur.

Þá segir í tillögunni að það beri „einnig að líta á að með tilliti til sögulegrar þróunar umræðunnar um jarðgöng á Austurlandi eru Norðfjarðargöng aðeins fyrsti áfangi stærri framkvæmdar sem hefur það að markmiði að gera Austfirði og Hérað að einu atvinnu- og þjónustusvæði og gjörnýta þannig möguleika þjónustustofnana á Austurlandi. Göng undir Fjarðarheiði yrðu annar áfangi þeirrar framkvæmdar og því rökrétt framhald jarðganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar.

Fjarðarheiðargöng – mikilvæg æð til og frá landinu

Í tillögunni er sagt að mikilvægi jarðarganga til og frá Seyðisfirði sé ekki eingöngu vegna þeirrar einangrunar sem Fjarðarheiðin veldur heldur einnig sökum þess að núverandi



vegur sé eina vegtengingin við ferjusiglingarstað út úr landinu. „Ferðir Norrænu allt árið frá Seyðisfirði er eina tenging landsins við meginland Evrópu með farþegasiglingum með reglubundnum hætti. Um 40.000 farþegar fara um Seyðisfjarðarhöfn árlega. Flutningar með Norrænu eru geysimiklir. Yfir 10.000 ökutæki fara árlega með ferjunni og 20 þúsund tonna vöruflutningur, sem samsvarar 700 fulllestuðum vöruflutningabílum. Því þarf vegurinn um Fjarðarheiði að þjóna mikilli umferð ferðamanna og flutningabíla í tengslum við siglingar ferjunnar. Ekkert verður ofsagt um mikilvægi þess að slíkur vegur uppfylli ströng skilyrði varðandi öryggi vegfarenda.“

Viðhald mannvirkja hefur ekki áhrif á rekstur HSA

Í kjölfar fréttaplutnings Austurgluggans um 150 m.kr. niðurskurð á starfsemi Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) á næsta ári hefur Austurglugganum borist gagnrýni á forgangsröðun stjórnenda stofnunarinnar. Gagnrýnin miðar að því að verið sé að vinna að endurbótum og ýmiskonar viðhaldi á mannvirkjum HSA á meðan ljóst þykir að fyrirhugað sé

að skerða þurfi heilbrigðisþjónustu á Austurlandi.

Í ljósi þeirra gagnrýni hafði blaðið samband við Einar Rafn Haraldsson, forstjóra HSA, og spurði hann hvernig kostnaði við viðhald væri háttað. Í máli hans kom fram að þessi gagnrýni væri byggð á misskilningi því „viðhald á húsnaði HSA er ekki greitt af rekstrarfé

HSA. Endurbætur á öllu því húsnaði sem HSA starfar í eru á vegum Fasteigna Ríkissjóðs og greiddar af þeim. Við fáum sérstaklega afmarkaða fjárveitingu í fjárlögum sem fer til Fasteigna Ríkissjóðs í formi leigu. Þetta fyrirkomulag hefur verið í gildi frá 2008“ segir Einar. Fasteignir ríkissjóðs hafa umsjón með fasteignum í eigu ríkisins í umboði fjármálaráðuneytis.

Í greinargerð tillögunnar eru tíunduð ýmis rök og lagðar fram ályktanir Seyðisfjarðar og SSA í gegnum tíðina málinu til stuðnings.

Meðflutningsmenn Arnbjargar eru þingmennirnir Sigmundur Ernir Rúnarsson, Björn Valur Gíslason, Ólöf Nordal, Birkir Jón Jónsson, Tryggvi Þór Herbertsson og Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Landsbankinn krefst uppboðs á fasteignum Lífsvals ehf.

Landsbankinn hefur farið fram á að fjórar fasteignir í eigu Lífsvals ehf. í sveitarfélaginu Hornafirði verði settar á nauðungauppboð.

Eignirnar eru allar á Mýrunum. Um er að ræða Flatey, jörð og lóð, Haukafell og Kyljuholt. Kröfur Landsbankans í hverja eign nema 562.094.347 krónum. Líklegt er að kröfurnar séu allar á sama veðbréfinu.

Jarðirnar eru rétt vestan við Hornafjarðarfliót. Flatey er ein stærsta jörðin á Mýrunum en Kyljuholt með þeim minni.

Landsbankinn hefur sömuleiðis gert kröfu um að jörðin Barkarstaðir í Húnaþingi vestra verði sett á uppboð. Kröfur Landsbankans í þessar eignir nema samtals 562.216.622

krónur. Samanlagðar kröfur gera því rúmum milljarði króna. Lífsval lagði á sínum tíma áherslu á að kaupa íslenskar bújarðir með kvóta eða vatnsréttindum. Verulega hefur

fjarað undan fyrirtækinu eftir hrun og á Landsbankinn töluverðan hlut í því. Um tíma átti fyrirtækið um 40% af mjólkurkvóta landsins.

GG/agl.is

Tafir á samgönguáætlun

Margir bíða eftir framlagningu samgönguáætlunar en framlagning hennar hefur tafist mjög en hún hefði átt að koma út síðastliðið vor. Lagðar eru til ýmsar vegabætur á Austurlandi m.a. í skýrslu aðalfundar SSA 2011 og víðar og því

margir sem bíða eftir framlagningu samgönguáætlunarinnar til næstu ára til þess að sjá hvort þeir hafi átt erindi sem erfiði. Í því sambandi má m.a. nefna Norðfjarðargöng, uppbyggingu Axarvegar, úrbætur á Egilsstaðaflugvelli, fækkun

einbreiðra brúa o.fl. Tafir á framlagningunni má rekja til óvissu um fjármagn til vegamála. Samkvæmt upplýsingum úr innanríkisráðuneytinu má áætla að samgönguáætlun verði lögð fram í lok nóvember á þessu ári.

Þú velur það íbúðalán sem hentar þér

Viðskiptavinir eiga að hafa val. Við bjóðum nú óverðtryggð íbúðalán með föstum vöxtum og lækkum breytilega vexti á verðtryggðum íbúðalánnum verulega.



Ný óverðtryggð íbúðalán
Fastir vextir



Verðtryggð íbúðalán
Breytilegir vextir

Skilmála og nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar, landsbankinn.is, eða í næsta útibúi Landsbankans.





BJARTIR TÍMAR

Reglulega er ég minntur á það að það séu bjartir tímar framundan. Þessi reglulega áminning kemur frá manni sem tileinkar sér jákvæðni og bjartsýni. Auðveldlega er hægt að missa sjónar á því sem vel er gert og því jákvæða í samfélaginu þegar bölmóðurinn er jafnmikill og í okkar þjóðfélagi nú um stundir. Það verður þó að segjast að það er ýmislegt í okkar samfélagi sem gefur tilefni til jákvæðs hugarfars t.a.m. ýmsar hugmyndir varðandi atvinnuuppbyggingu. Vissulega er það einnig svo að mörgu er til að dreifa sem dregur úr þeirri bjartsýni t.d. seinagangur innan stjórnsýslunnar og pólitísk óvissa.

Fjárfestar virðast sýna Austurlandi mikinn áhuga og að undanförunu hafa ýmsar hugmyndir skotið upp kollinum s.s. laxeldi, olíubirgðastöð, álkaplaframléiðsla og fleira. Einnig hafa fullt af verkefnum orðið að veruleika sem mörgum hefði eflaust þótt óraunhæf á einhverjum tímapunkti t.d. austfirski sláturhúsið Snæfell, uppbygging fyrirtækja á borð við BARRA, Móðir Jörð, SESAM Brauðhús og Sköpunarmiðstöð á Stöðvarfirði svo fátt eitt sé nefnt. Uppbygging fyrirtækja sem fyrir eru gefur einnig tilefni til aukinnar bjartsýni t.d. uppbygging ALCOA Fjarðaáls sem er með stærri framkvæmdum á landsvísi í dag, þó svo að það fari ekki mikið fyrir því í umræðunni, uppbygging Hitaveitu Egilsstaða og Fella í orlofshúsabyggð Fljótaldalshéraðs, endurbýgging og aukin afkastageta fiskimjólsværksmiðju HB Granda á Vopnafirði og síðast en ekki síst uppbygging ferðaþjónustu á Austurlandi.

Kannski einblínum við um of á það sem gengur á og gerist á Austurvelli án þess að ég vilji gera lítið úr áhrifum þess sem þar gerist. Þurfum við ekki að líta í auknum mæli á það sem stendur okkur nær og fagna þeim framfaraskrefum?

Kannski er bara bölmóðurinn og ýmis gagnrýni skemmtilegri til umræðu.

Lifið heil
Ragnar Sigurðsson



Vísnahornið

Það er greinilegt bæði á almanakinu og veðrinu að vetur er farinn að minna á sig. Þegar vindurinn lemur utan húsið og dimmt er yfir er gott að hafa eitthvað léttmeti til að gera sér lífið bærilegra. Hér er ágætis mannlýsing:

Glott hann ber af gömlum ref,
glenntur er hans kjafur,
fríðari mér hann fyndist ef
fésið sneri aftur.
Ólafur Sigfússon í Forsæludal

Nú er orðið sífellt algengara að fólk sé með hænur og ekki aðeins í þéttbýli. Íslensku landnámsþænar eru tilvaldar í tækifærissgjafir og eru sérstaklega vinsælar þegar fólk á merkisafmæli um og upp úr miðjum aldri. Misjafnt er hversu nágrannar eru glaðir með hænsnahald, í það minnsta ef haninn er hafður með. Sumir bregða á það ráð að koma hananum í veit og svo er aldrei að vita hvort einhverjir laumist að þeim í morgunsárið og komi fyrir kattarnef:

Kjartan hanann djarfur drap
og dró hann út úr bænum,
af því hann reiddi á snaskap
annarra manna hænum.

Hjálmar Stefánsson

Í fréttum ekki alls fyrir löngu var sagt frá því að það er að fara í gang hið mesta markaðsátak í sambandi við ferðaþjónustu. Meðal þess sem boðið verður upp á er að fara í fótabað með Katrínu Júlíusdóttur, iðnaðarráðherra.

Ljúft er að eiga leyndan stað,
laus við kvöl og pínu
og fara þar í fótabað
með frúnni Katarínu.

Helgi Seljan

Íslenskt mál er ríkt af orðtökum og málsháttum. Það kemur fyrir ef fólk vill slá um sig með þannig málnotkun að eitthvað skolast til. Ein alþingiskona sagði á þingi að það þýddi ekki að stinga höfðinu

Hjalli



Til Næturinnar

Í lok árs 2009 kom út ljóðabókin – Bréf til næturinnar – eftir Kristínu Jónsdóttur, frá Hlíð í Lóni sem hefur fengið mjög góðar viðtökur og lof fyrir listfengi og fallegt íslenskt mál. Hin sterku tengsl við náttúruna sem víða birtast í ljóðunum og túlkun tilfinninga sem höfundur tjáir á opinskáan og einlægán hátt skapa ljóðunum sérstöðu meðal íslenskra ljóða.

Bókin fékk góða kynningu í – Kíljunni – hjá Agli Helgasyni sl. vetur þar sem Kristín las upp ljóðið Mynd og segja má að sem fyrsta bók

höfundar þá hafi hún slegið verðskuldað í gegn.

Nú í vikunni er að koma út geisla-plata með 10 af ljóðunum úr bókinni og er tónlistin öll samin af Óskari Guðnasyni sem er fæddur og uppalinn á Höfn í Hornafirði.

Óskar hefur gefið út nokkrar plötur áður með eigin efni og finnst honum þessi plata vera í heildina það besta sem að hann hefur gert enda nýtur hann stuðnings þekktra hljóðfæraleikara og söngvara sem allir skila sínu verki með sóma.

Vetur genginn í garð

í steininn. Seinna sagði hún að menn köstuðu steinum úr steinhúsi, en það gat nú átt við þinghúsið sjálft. Þess vegna ætti hún sem sagt að hugsa sinn gang eða eins og sagt var, dýfa hausnum í bleyti næst þegar hún reynir að skreyta mál sitt:

Að frúarhaus á steini steyti,
stungusending telst það vera,
en dýfa hausnum bljúgt í bleyti
blessuð dúfan mætti gera.

Helgi Seljan

Vinsamlegast sendið inn vísur á glumur2@centrum.is eða frett@austurglugginn.is .

Vísnaðveðja, Glúmur



Ert þú áskrifandi?

Komdu í hóp ánægðra áskrifenda.

Hringið í síma 477 1571

Eða sendið póst á auglysing@austurglugginn.is

BÚÐAREYRI 7, 730 REYÐARFJÖRÐUR

Ritstjóri & ábyrgðarmaður: Ragnar Sigurðsson • frett@austurglugginn.is • Fréttasími: 477 1750

Auglýsingastjóri og þjónusta við áskrifendur: Lára Björnsdóttir • 477 1571 & 891 6484 • auglysing@austurglugginn.is

Fréttaritari í Neskaupstað: Áslaug Lárusdóttir s. 695 8498 - aslaug@gmail.com • Fréttaritari á Vopnafirði: Bjarki Björgólfsson s. 865 7471 - kompan@vortex.is.

Útgáfandi: Útgáfufélag Austurlands ehf. • Umbrot og prentun: Héraðsprent.



SLÁTURHÚSIÐ

Leikfélag Fljótisdalshéraðs

Frumskýning Leikritið Finnski Hesturinn

Ásgeir Sigurvaldason hefur verið hér á Egilsstöðum síðustu vikunnar að leikstýra Finnska hestinum. Nú líður að þeim degi sem við fáum að sjá.

Nánari upplýsingar eru í Leikskrá sem verður dreift um allt Fljótisdalshérað.

Frumskýnt 21. okt kl. 20
2.sýning 23. okt kl. 20
3.sýning 25. okt kl. 20
4.sýning 27. okt kl. 20
5.sýning 28. okt kl. 20
6.sýning 30. okt kl. 16
7.sýning 3. nóv kl. 20
8.sýning 5. nóv kl. 20

Nánari Upplýsingar:

<http://www.facebook.com/event.php?eid=274219245951059&ref=ts>

Föstudaginn 28. október til og með 6. nóvember

Að heiman og heim

Sýning á lokaverkefnum sex austfirskra listaháskólanema.

Þátttakendur eru:

Helga Jósepsdóttir vöruhönnuður Eskifirði
Soffía Tinna Hjörvarsdóttir Arkitekt
Egilsstöðum

Sigrún Halla Unnarsdóttir fatahönnuður
Egilsstöðum

Guðmundur I. Úlfars, grafískur hönnuður
Fáskrúðfirði

Agla Stefánsdóttir fatahönnuður Fellabæ
Sylvía Dögg Halldórsdóttir Reyðarfirði

Nánari Upplýsingar:

<http://www.facebook.com/event.php?eid=124128817694365&ref=mf>

Framundan Nóvember:

Dagar myrkurs í Sláturhúsinu:

Mugison ásamt Hljómsveit

Hrollvekjur af gamlaskólanum sýndar

Listamenn Hússins Opna sig

...opið Sláturhús

Myndlist, Tónlist, Fatahönnun,

Ljósmyndalist og gjörningar

Jass Hljómsveitin ADHD

Lay Low ásamt Hljómsveit

Sláturhúsinu á Egilsstöðum, sími 894 7282.
www.slaturhusid.is

NAUST skorar á yfirvöld til að sinna eftirlitsskyldu

Að undanfögnu hefur fjöldi hreindýra fests í girðingum, tarfar hafa fests saman á hornum í girðingarlækjum og jafnvel drepist vegna girðingadræsa sem skildar hafa verið eftir á víðavangi.

Náttúruverndasamtök Austurlands (NAUST) segir þetta ástand óviðunandi og „skorar á bændur á Mýrum í Hornafirði, sem og aðra landeigendur og sveitarfélög á Suðaustur og Austurlandi að sýna ábyrgð og fjarlægja þá miklu hættu sem villtum dýrum og búfenaði stafar af gömlum girðingum og girðingarflækjum sem liggja á víðavangi“ segir í áskorun NAUST.

Í áskorun samtakanna segir að hreindýr hafi verið að flækjast í sömu girðingum ár eftir ár og á síðustu vikum hafa um 10-12 hreindýrstarfar fest hornin í „girðingum eða girðingarrusli. Vitað er um minnst tvo tarfa sem

drepist hafa af þessum sökum. Búið er að frelsa 6 tarfa með því að skjóta af þeim hornin þar sem tveir og tveir voru flæktir saman, en aðrir hafa verið losaðir með öðrum hætti. Rökin sem landeigendur sem bera ábyrgð á umræddum girðingum bera fyrir sig eru að hreindýrin eyðileggi girðingarnar sjálf og af því hljótist töluverður kostnaður fyrir þá. Stjórn NAUST tekur þessi rök hvorki gild né afsökun fyrir slíku hriðuleysi“ segir í áskoruninni.

Þá hvetur stjórn NAUST Umhverfisstofnun og Umhverfisráðuneytið til að sinna eftirlitsskyldu sinni og sjá til þess að sveitarfélög hirði vír, ónothæfar girðingar og girðingarflækjur þar sem landeigendur hafa ekki brugðist við, í samræmi við heimild í 12. gr. Girðingarlaga nr. 135/2001

Við óskum Austfirðingum öllum til hamingju með nýtt og glæsilegt bakarí að Hafnargötu 1 á Reyðarfirði.

SESAM Brauðhús opnar föstudaginn 21. október klukkan 10.00. Opnunartilboð ásamt gómsætu smakki.

Verið velkomin í heimsókn.

OPNUNARTÍMI:
Mán - Fös: 07.30 - 17.30
Lau: 09.00 - 16.00

sesam
BRAUÐHÚS
sími: 475 8000

Er hægt að útrýma mink á Íslandi?

Árlegt Náttúrustofuþing verður haldið í Neskaupstað miðvikudaginn 26. október næstkomandi. Dagskrá ráðstefnunnar má sjá í auglýsingu hér í blaðinu.

Á ráðstefnunni verður m.a. fjallað um hvort hægt sé að útrýma mink á Íslandi. Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee, frá Náttúrustofu Vesturlands, rekja í erindi sínu hver staðan er innan hvers þáttar varðandi íslenska minkastofninn og hverju þyrfti að breyta til að ná útrýmingu minks á Íslandi

Staða minksins

Minkur var fyrst fluttur til Íslands árið 1931. Hann slapp fljótlega úr haldi, fjölgaði sér og breiddist um landið þar til hann hafði numið öll helstu láglandssvæði árið 1975. Stofnstærð er óþekkt en veiðitölur benda til að mink hafi fjölgað nokkuð samfellt til ársins 2003 en fækkað síðan. Minkur er skilgreindur sem ágeng tegund á Íslandi eins og víða annars staðar þar sem hann finnst utan síns náttúrulega útbreiðslusvæðis. Alþjóðlegir samningar sem Ísland er aðili að skuldbinda íslensk stjórnvöld til að takmarka útbreiðslu og neikvæð áhrif slíkra tegunda. Alþjóðanáttúruverndarsamtökin hafa gefið út leiðbeiningarreglur um aðgerðir sem miða að útrýmingu ágengra tegunda. Samkvæmt þeim eru helstu forsendur þess að hægt sé að útrýma stofni þessarar: a) Vaxtarhraði stofnsins verður að vera neikvæður hver sem



þéttleikinn er, b) enginn innflutningur tegundarinnar má eiga sér stað, c) aðgerðir verða að geta náð til allra einstaklinga í stofninum, d)

Náttúrustofa Austurlands.

nauðsynlegt er að geta vaktað stofninn þótt þéttleiki sé orðinn mjög lítill og e) nauðsynlegir fjármunir og staðfesta verða að vera fyrir hendi til að ljúka útrýmingarherferðinni á þeim tíma sem til þarf.

Náttúrustofur eru sjö talsins, dreifðar vítt og breitt um landið. Þær mynda með sér Samtök náttúrustofa (SNS), sem er samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra. Undanfarin ár hefur skapast sú hefð að náttúrustofurnar skiptist á að halda ráðstefnu haust hvert í tengslum við aðalfund samtakanna. Að þessu sinni er gestgjafinn

austur glugginn

Fréttæmt vikublað

Áskriftarsími
austurgluggans er

891 6484



Jólahlaðborð

Hótel Hallormsstaðar

Yfir 50 réttir
á aðeins 7.200,-

Dagana 12., 19., 25. og 26. nóv.
og 2., 3., 9. og 10. des.

Ath. Pantið tímanlega því sumar dagsetningar eru að fyllast! Aðrar dagsetningar koma til greina fyrir stærri hópa. Gerum **tilboð** fyrir hópa.

Tilboð í hlaðborð og gistingu

12.900,- fyrir manninn
í tveggja manna herbergi með morgunmat.

Matseðill á www.hotel701.is

H

HÓTEL
HALLORMSSTAÐUR


Okkar sérstaða mælist á landsvísu



FJARÐABYGGÐ

2. tbl., 2. árg. 2011 · Myndir/Fjarðabyggð & Austurglugginn.

Fréttabréf Fjarðabyggðar



Fjölbreytt verkefni eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd var stofnuð eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar en þá voru umhverfis- og skipulagsnefnd og mannvirkjanefnd sameinaðar. Eins og nafn nefndarinnar gefur til kynna þá eru viðfangsefni hennar margþætt, allt frá því að sjá um allar eignir Fjarðabyggðar til verkefna á sviði friðlanda og fólkvangna. Þá heyrir landbúnaðarnefnd undir nefndina. Markmið nefndarinnar er að veita íbúum og stofnunum ávallt góða og skilvirka þjónustu.



Frá vinstri: Eidur Ragnarsson, varaformaður, Jóhann Eðvald Benediktsson, mannvirkjastjóri og starfsmaður nefndarinnar, Aðalheiður Vilbergsdóttir, varamaður, Agnar Bóasson, formaður, Stefán Már Guðmundsson og Gunnar Á. Karlsson. Á myndina vantar Líneik Önnu Sævarsdóttur

Til nefndarinnar heyra embætti byggingarfulltrúa, gerð aðal- og deiliskipulaga og rekstur fasteigna Fjarðabyggðar. Nefndin sér um rekstur fráveitu, vatnsveitu, Rafveitu Reyðarfjarðar og Hitaveitu Fjarðabyggðar. Auk þess hefur nefndin umsjón með öllum verkefnum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins, rekstri gatnakerfis og umhverfismálum sem felst m.a. í umsjón með hunda- og kattahaldi, vinnuskóla og sumarvinnu, umsjón með tjaldsvæðum og umhirða allra opinna svæða í sveitarfélaginu. Þjónustumiðstöð og tækjamiðstöð heyra undir sviðið en þær starfa báðar þvert

á annan rekstur sveitarfélagsins. Mörg erindi berast nefndinni frá aðilum sem hafa áhuga á að hefja atvinnustarfsemi í Fjarðabyggð og eru lóðir við Mjóeyrarhöfn mjög eftirsóttar. Nýlega var lóð úthlutað til ALUCAB ehf. sem áformar að reisa álkaplaverksmiðju og einnig áformar Eimskip að byggja vöruhótel. Einnig hafa aðilar verið að skoða aðrar staðsetningar fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi þar á meðal á fiskeldi

og á byggingu olíubirgðastöðvar. Það má því segja að uppbyggingu á atvinnustarfsemi sé hvergi nærri lokið og að spennandi verkefni bíði nefndarinnar í náinni framtíð sem styrkja stöðu sveitarfélagsins og fjölgar atvinnutækifærum.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á starfsemi nefndarinnar á komandi ári. Árið 2012 mun, eins og árið 2011, einkennast af því fjármagni sem nefndin fær til ráðstöfunar, en búið er að hagræða undanfarin ár og er það verkefni nefndarinnar að forgangsraða þeim verkefnum sem farið er í hverju sinni.

Stefna nefndarinnar er að Fjarðabyggð verði fyrirmynd annarra sveitarfélaga í umhverfismálum þar sem löggö er áhersla á samspil þess að bera virðingu fyrir náttúrunni en bjóða samt upp á möguleika á fjölbreytni í uppbyggingu á atvinnustarfsemi. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að bjóða upp á aðstöðu sem stuðlar að fjölbreyttu mannlífi í verkefnum sem snúa að fólkvöngum, friðlöndum og útivistarsvæðum, fegrun bæjanna og gatnaheinsun.

Ágæti lesandi

Í þessu fréttabréfi er kynning á fastanefndum Fjarðabyggðar og því helsta sem er á döfinni í þeirra störfum. Í stjórn-sýslu hvers sveitarfélags er hlutverk nefndanna mikilvægt en þær eru bæjarráði og bæjarstjórn til ráðgjafar um þau málefni sem undir þær heyra. Fagnefndirnar eru skipaðar pólitískum fulltrúum og sinna faglegu starfi á grundvelli sérstakra samþykta sem staðfestar eru í bæjarstjórn. Kjörtímabil nefndanna er almennt hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kys formann og varaformann við kosningu í nefndir.

Fagnefndir undirbúa stefnumörkun í málefnum sem þeim eru falin og hafa umsjón með verkefnum sem falla undir þeirra verksvið. Einnig að framkvæmd þeirra samræmist stefnumörkun bæjarstjórnar í viðkomandi málaflokki og sé innan heimilda í fjárhagsáætlun.

Í þessu blaði verður umfjöllun um eigna- skipulags og umhverfisnefnd, félagsmálanefnd, barnaverndarnefnd og hafnarstjórn. Í næsta blaði Fjarðabyggðar verður umfjöllun um fræðslu- og frístundanefnd og atvinnu- og menningarnefnd. Nánari upplýsingar um samþykktir nefnda Fjarðabyggðar eru undir Stjórn-sýsla á vefnum www.fjardabyggd.is



Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri.

Með bestu kveðju, Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri.

Félagsmálanefnd

Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar starfar í umboði bæjarstjórnar og skv. ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin mótir stefnu bæjarins í velferðarþjónustu. Nefndin fer auk þess með stjórn hjúkunarheimilanna í Hulduhlíð og á Uppsólum. Félagsmálanefnd fundar að jafnaði á tveggja vikna fresti en kemur oft saman ef þörf krefur. Í nefndinni sitja Svanbjörg Pálsdóttir, formaður, Gunnar Ragnar Jónsson, Árdís Aðalsteinsdóttir, Ásta Eggertsdóttir og Sigríður Margrét Guðjónsdóttir og Sigrún Þórarinsdóttir, félagsmálastjóri, er starfsmaður nefndarinnar.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- Félagssleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð.
- Almennar og sérstakar húsaleigubætur.
- Málefni aldraðra s.s. félagsleg heimaþjónusta, heimsendur matur og félagsstarf.
- Málefni fatlaðs fólks s.s. liðveisla, ferðaþjónusta fatlaðra, skammtímavistun, búsetuþjónusta, stuðningsfjölskyldur, atvinna með stuðningi ofl.
- Jafnréttis- og forvarnarmál.
- Daggæsla barna í heimahúsum.

Um áramótin færðust málefni fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Í kjölfar þess varð til nýtt starf á félagsþjónustusviði sem felur í sér umsjón með þjónustu við fatlað fólk auk annarra verkefna innan félagsþjónustu. Mikil og góð samvinna var við svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi sem tryggði góðan undirbúning tilfærslunnar. Mörg krefjandi verkefni eru framundan við frekari mótun á þjónustu við fatlaða einstaklinga.



Frá vinstri: Sigrún Þórarinsdóttir, félagsmálastjóri, Svanhvít Aradóttir, ráðgjafarþroskahljálfi í fæðingarorlofi, Helga Eyjólfsdóttir, deildarstjóri og Inga Rún Sigfúsdóttir, yfirfélagsráðgjafi starfsmenn félagsþjónustusviðs.

Útgjöld félagsmálanefndar vegna fjárhagsaðstoðar hafa aukist á milli ára í kjölfar fleiri umsókna um fjárhagsaðstoð til sveitarfélagsins. Einnig hefur eftirspurn eftir félagsslegri ráðgjöf aukist undanfarið.

Á döfnni eru mörg mikilvæg verkefni sem unnið er að s.s. skoðun á uppbyggingu á dagvistunarúrræðum fyrir heilabílaða einstaklinga í Neskaupstað og vinna vegna þjónustuíbúða fyrir aldraða en undirbúningur að því verkefni stendur nú yfir.

Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar

Barnaverndarnefnd starfar í umboði bæjarstjórnar og skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Félagsmálastjóri er starfsmaður nefndarinnar. Félagsmálastjóri, yfirfélagsráðgjafi og ráðgjafi mynda barnaverndarteymi sem fjallar um barnaverndartilkygningar sem berast og kemur þeim í farveg. Starfsmenn í barnaverndarteymi eiga sæti í nemendaverndarráðum grunnskólanna í Fjarðabyggð og Verkmennaskóla Austurlands og eiga reglulega fundi með starfsfólki leikskóla. Barnaverndarnefnd fundar að jafnaði á þriggja vikna fresti en kemur oft saman ef þörf krefur.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- Skráning og móttaka barnaverndartilkygninga og könnun og áætlun um meðferð ef þörf krefur
- Gerð umsagna vegna umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar
- Gerð umsagna vegna ættleiðingarmála
- Umsagnir/úttektir vegna forsjár- eða umgengismála
- Umsjón og eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum

Barnaverndarnefnd beitir ávallt þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu og er meðalhófsreglan höfð að leiðarljósi. Eftir

föngum er þess gætt að öll almenn úrræði séu fullreind áður en gripið er til annarra stuðningsúrræða.

Stuðningsúrræði geta verið margvísleg og eru úrræði með samþykki foreldra t.d. uppeldis- og fjölskylduráðgjöf, stuðningsfjölskylda, tilsjónarmaður inn á heimili, persónulegur rágjafi fyrir barn, sumardvalir, fósturráðstöfun, meðferðarheimili, aðrar stofnanir Barnaverndarstofu s.s. Barnahús og Stuðlar. Nefndin getur kveðið á um eftirlit með heimili, ýmis fyrirmæli varðandi aðbúnað og loks forsjársviptingu.

Það sem af er árinu 2011 hefur barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar borist alls 66 tilkygningar, í flestum tilfellum frá lögreglu eða skóla. Rétt er að minna á tilkygningarskyldu almennings skv. 16. gr. bvn. laga en þar segir að hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðeigandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkygna það barnaverndarnefnd.

Í barnaverndarnefnd sitja Steinar Gunnarsson, formaður, Sigríður Herdís Pálsdóttir, Sigurður Ásgeirsson, Dagbjört Lára Ottósdóttir og Sólveig Friðriksdóttir.



Umfangsmikil hafnarstarfsemi

Mikið hefur verið um að vera á höfnum Fjarðabyggðar á árinu og má í því sambandi nefna að rúm 26% aflaheimilda íslenskra skipa komu á land í Fjarðabyggðarhöfnum. Að sama skapi hefur verið mikið um útskipanir til að koma afurðunum á markað. Sama á við um vöruhöfnina á Mjóeyri sem virðist vera að komast í nokkuð fastar skorður í takt við framleiðslu álvers Alcoa.

Má til fróðleiks nefna að heildar útflutningur frá Fjarðabyggðarhöfnum í tonnum talið á árinu 2010 nam rúmum 28% af heildar útflutningi landsins og innflutningur nam rúmlega 24%. Mikilli umferð skipa og báta kallar á viðhald og gott eftirlit með allri aðstöðu á höfnunum svo að þær séu klárar til að taka við áframhaldandi umferð og þjóni viðskiptavinum eins vel og mögulegt er.

Hafnarstjórn fer með þennan málaflökk í umboði bæjarstjórnar. Helstu áherslur hafnarstjórnar hafa verið; bætt aðstaða til útgerðar, úrbætur í umhverfi og öryggismálum hafnanna og úrvals þjónusta.

Á árinu var lokið við að steypa þekju á 95 metra lengingu oliubryggjunnar á Norðfirði en framkvæmdir við þennan kant hófust árið 2008 en undirbúningur þeirra framkvæmda hófst fyrr. Á síðasta ári var lokið við 35 metra kant fyrir framan nótaverkstæði Egersund á Eskifirði en með honum skapaðist aðstaða svo að fyrirtækið gæti þjónustað skip beint frá nótaverkstæði sínu.

Samhliða þessu hefur verið unnið að undirbúningi og framkvæmdum við endurnýjun smábátahafnanna í öllum höfnum Fjarðabyggðarhafna og er langt komið að endurnýja flotbryggjur



Efri röð frá vinstri: Gísli Benediktsson, Guðmundur Þorgrímsson, formaður, Óskar Þór Hallgrímsson. Frenni röð frá vinstri: Steinhólf Pétursson, hafnarstjóri og starfsmaður nefndarinnar, Ævar Ármannsson, Árni Helgason varamaður. Á myndina vantar Sævar Guðjónsson

hafnanna sem flestar hverjar voru komnar til ára sinna og farnar að lýta upp á landið. Er þarna verið að bregðast við fjölgun í smábátaveign og umferð smábáta, sem kallar síðan á fjölgun viðleguþláss.

Hafnirnar og hafnarsvæði byggðarkjarnanna í Fjarðabyggð eru andlit hvers staðar út á við, bæði gagnvart viðskiptavinum hafnarinnar og því ferðafólki sem sækir okkur heim. Vel útlitandi og hirt svæði eru góð kynning fyrir sveitarfélagið og þau fyrirtæki sem þar starfa, um leið og snyrtileg umgengni getur haft aðráttarafl fyrir nýja íbúa sem vilja setjast að í sveitarfélaginu.

Hafnarstjórn hefur lagt mikið upp úr því að öryggismál á höfnunum séu í sem bestu ástandi og er til að mynda unnið að því að setja upp akstursvarnir á hafnarsvæðunum eftir ábendingu Siglingastofnunar í öryggisúttekt stofnunarinnar

síðasta vetur. Þá er reglulega fylgst með því að allur öryggisbunaður sé í lagi og tilbúinn til notkunar ef á þarf að halda, auk þess sem viðhaldsmálum er sinnt eins fljótt og vel og frekast er unnt. Starfsmenn hafnanna eru boðnir og búnir að veita þjónustu alla 24 tíma sólarhringsins og leggja mikið upp úr því að sú þjónusta sé fyrsta flokks.

Í gangi er nú vinna hafnarstjórnar við undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012 ásamt langtímaáætlun fyrir árin 2013 til 2015. Við þá vinnu ber að huga að ýmsu, meðal annars því sem er í umræðu og vinnslu þessarar vikunar. Í því sambandi má nefna skoðun á uppbyggingu oliubirgðastöðvar við Eyri í Reyðarfirði en fyrr á árinu var undirrituð viljayfirlýsing um frekari skoðun málsins.

Einnig þarf að huga að stækkun þjónustsvæðis við Mjóeyrarhöfn en þrátt fyrir fjölda lóða sem þar voru gerðar tilbúnar á sínum tíma þá stefnir í að útbúa þurfi fleiri til að mæta eftirspurn á svæðinu.

Gera má ráð fyrir að Mjóeyrarhöfn verði aðlaðandi valkostur fyrir fyrirtæki sem ætla að þjónusta oliuleitarfyrirtæki á Drekasvæðinu en til staðar er öll sú innri uppbygging sem þarf til fyrir slík fyrirtæki s.s. iðnaðar- og þjónustufyrirtæki, afþreying, sjúkrahús og nálægð við flugvöll svo eitthvað sé nefnt.

Auk framangreindra þátta þarf hafnarstjórn einnig að huga að hvort þörf sé fyrir úrbætur eða aukna aðstöðusköpun í tengslum við útgerð og fiskvinnslu í sveitarfélaginu. Það er því í mörg horn að líta í vinnu hafnarstjórnar og ekki hægt að segja annað en að viðfangsefnin séu margvísleg og spennandi.

Eigum allt í rjúpnaveiðina

Veidiflugan
Molanum Reyðarfirði
Sími 474 1400

...í hjarta Þrusturlands

Rjúpnavesti, gönguskó, brodda og þrúgur, sjónauka, útvistarfatnað, legghlífar, hitabúsa og flest annað sem þarf í góða veiðiferð.

www.veidiflugan.is

HERTEX Nytjamarkaður Hjálpræðishersins

ALLT MÖGULEGT TIL SÖLU

Opnunartími:

Þriðjudaga - föstudaga frá 14:00 - 18:00
Laugardaga frá 12:00 - 17:00
Lokað á sunnudögum og mánudögum

Ekki henda því sem nytsamlegt er - við tökum á móti því

Allur ágóði sölu rennur til
Velferðarsjóðs kirkjunnar í Fjarðabyggð

Nytjamarkaður HERTEX
Búðargötu 4 (gamla bensinstöðin)
Reyðarfjörður



Vinnslumet á Vopnafirði þrátt fyrir aflasamdrátt

Alls voru fryst um 20.400 tonn af sildar- og makrílafurðum í upp-sjávarfrystihúsi HB Granda á Vopnafirði á vertíðinni en vinnslu lauk nú um helgina. Í fréttatilkynningu frá HB Granda segir að tæplega 27% aukning hafi verið frá því vertíðinni í fyrra. Fyrirtækið fagnar þessum árangri og telur hann sérstaklega ánægjulegan í ljósi þess að sildar- og makrílafli skipa félagsins dróst saman um tæplega 15% milli ára. Öllum aflanum var að þessu sinni landað til vinnslu. Þetta kemur fram í samantekt upp-sjávarsviðs HB Granda og að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar deildarstjóra voru nú fryst um 11.500 tonn af makrílafurðum og um 8.900 tonn af sildarafurðum.

„Mikil aukning varð í vinnslu á makríl milli ára því í fyrra voru fryst 4.800 tonn af makríl á Vopnafirði. Vinnsla á norsk-íslenskrri sild dróst hins vegar saman um 2.400 tonn og er skýringanna að leita í því að sildarkvótinn var mun minni í ár en í fyrra. Aflasamdráttur skipa HB Granda á sildveiðunum í ár nam t.a.m. um 7.500 tonnum.

Heildaraflinn á nýliðinni vertíð nam um 37.200 tonnum af sild og makríl en til samanburðar má nefna að aflamagnið í fyrra var tæplega 43.700 tonn“ segir í tilkynningu fyrirtækisins.



Íbúar á Austurlandi á 3. ársfjórðungi

Í lok 3. ársfjórðungs 2011 bjuggu 319.090 manns á Íslandi, 160.130 karlar og 158.960 konur. Landsmönnum fækkaði um 90 á ársfjórðungnum. Á Austurlandi helst íbúafjöldinn nokkurn veginn í stað. Tölur Hagstofunnar eru námundaðar að heilum tug og samkvæmt þeim fjölgaði íbúum á Austurlandi um þrjátíu frá fyrsta ársfjórðungi. Úr 10.180 manns í 10.210 manns.

2011

1. ársfjórðungur

Seyðisfjörður	670
Fjarðabyggð	4.570
Vopnafjarðarhreppur	660
Fljótaldalshreppur	80
Borgarfjarðarhreppur	140
Breiðdalshreppur	200
Djúpavogshreppur	450
Fljótaldalshérað	3.410

2. ársfjórðungur

Seyðisfjörður	670
Fjarðabyggð	4.590
Vopnafjarðarhreppur	670
Fljótaldalshreppur	80
Borgarfjarðarhreppur	140
Breiðdalshreppur	190
Djúpavogshreppur	450
Fljótaldalshérað	3.430

3. ársfjórðungur

Seyðisfjörður	670
Fjarðabyggð	4.590
Vopnafjarðarhreppur	670
Fljótaldalshreppur	80
Borgarfjarðarhreppur	140
Breiðdalshreppur	190
Djúpavogshreppur	460
Fljótaldalshérað	3.410

Náttúrustofuping

Haldið í Egilsbúð, Egilsbraut 1, Neskaupstað
26. október 2011 kl: 13:00 – 17:10

- 13:00 Setning.
- 13:05 Ávarp Sambands íslenskra sveitarfélaga, Lúðvík Gústafsson.
- 13:15 Ávarp formanns Samtaka náttúrustofa, Þorleifur Eiríksson.
- 13:30 Rætur náttúrustofa á Íslandi, Hjörleifur Guttormsson.
- 14:00 Varpangur lunda umhverfis Ísland 2011, Erpur Snær Hansen, Náttúrustofa Suðurlands.
- 14:20 Fjörunyrtjar að fornu og nýju, Eydis Mary Jónsdóttir, Náttúrustofa Reykjaness.
- 14:40 Þekking í þágu samfélagsins, Anna G. Edvardsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða.
- 14:55 Kaffihlé.
- 15:10 Er hægt að útrýma mink á Íslandi?, Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofa Vesturlands.
- 15:30 The research station of Náttúrustofa Vestfjarða in Bíldudalur - Measuring sedimentation rates under sea-cages, Georg Haney, Náttúrustofa Vestfjarða.
- 15:50 Saga jökulhórfunar í Vopnafirði í lok síðjökultíma, Þorsteinn Sæmundsson, Náttúrustofa Norðurlands vestra.
- 16:10 Vetrarstöðvar íslenskra flórgoða, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands.
- 16:30 Vöktun heiðagæsa á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar, Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson, Náttúrustofa Austurlands.
- 16:50 Náttúra sem innblástur, Ólafur Örn Pétursson, Skálanes, náttúru og menningarsetur.
- 17:10 Þingslit – veitingar.

Samtök náttúrustofa
(SNS)

STRANDMÖLLEN EHF

BÝÐUR UPP Á ALLAR
IÐNAÐAR- OG LYFJA-
LOFTTEGUNDIR Í ÖLLUM
HYLKJASTÆRÐUM

- SÚREFNI
- KÖFNUNAREFNI
- ARGON
- ARGONBLÖNDUR
- KOLSÝRU
- GLAÐLOFT
- HELÍUM



UMBODSADILAR UM ALLT LAND

- Selfoss:** Vélsmiðja Suðurlands, Gagnheiði 5, sími 482 1980
- Ísafjörður:** Vélsmiðja Ísafjarðar, Mjósundi 1, sími 847 6668
- Akureyri:** BSA, Laufásgötu 9, sími 460 7700
- Reyðarfjörður:** Olís, Búðareyri 33, sími 894 8271
- Neskaupsstaður:** G Skúlason, Nesgötu 38, sími 895 0610
- Vestmannaeyjar:** Stökkvítækjaþjónustan, Vesturvegi 40, sími 899 8990

Drangahrauni 1B, 220 Hafnarfjörður
Sími 580 3990
info@strandmollen.is
www.strandmollen.is

STRANDMÖLLEN



**Góð gleraugnatilboð
út október**

Úr skart og gjafavara í úrvali



Birta
Gleraugnaþjónusta, gullsmíði & úrsmíði, gjafavara
Lagarás 8 - 700 Egilsstaðir - Sími 471 2020
Búðareyri 15 - 730 Reyðarfjörður - Sími 474 1234
E-mail: birtaehf@simnet.is



Austfirðingar og aðrir landsmenn

Það er kominn tími á framkvæmdir. Stöndum saman um að strax verði farið í að bjóða út gerð Norðfjarðarganga. Nú skal efna svikin loforð. Setjum pólitík og hrepparíg til hliðar. Norðfjarðargöngin er hagur allra, ekki bara Norðfirðinga. Munum að ef ein samgöngubót er slegin af með þeim rökum að ekki sé nógu þétt byggð að baki þá er um leið verið að slá af aðrar framkvæmdir með sömu rökum.

Undirskriftalistar liggja víða.

Erum á facebook.
Stuðningsmenn

austur glugginn



Vilt þú verða
umræðuhæfur á kaffistofunni?

Viltu auglýsa í Austurglugganum?

Auglýsingasíminn er
891 6484



Ert þú með fréttaskot eða
viltu koma viðburði á framfæri?
Hringdu í fréttasíma

Austurgluggans 867-2151

Veisla í vetur á Icelandair Hótel Héraði



HÉRAÐ
Icelandair Hotels

Nýr matseðill

Hótel Hérað kynnr glænýjan gómsætan og freistandi matseðil.

Fimmtudagskvöldið 20. október verður af því tilefni boðið upp á 20% afslátt fyrir alla matargesti. Gledistund á barnum: milli kl. 17 og 21 eru allir kokteilar á hálfvirði.

Jólahlaðborð

Alla föstudaga og laugardaga frá 25. nóvember til 17. desember bjóðum við upp á dýrindis jólahlaðborð. Á boðstólunum eru yfir 30 réttir, heimalagaðir úr fyrsta flokks hráefni. Ógleymanleg kvöldstund fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð.

Verð á mann: 6.500 kr.

Jólatilboð

Jólahlaðborð og gistingu í tveggja manna herbergi með morgunverði.


Aðeins 12.700 kr. á mann

Hægt er að bæta við aukanoft án endurgjalds!

Sunnudagar til sælu

Alla sunnudaga, Brunch-hlaðborð. Ósvikinn staðgóður og ljúffengur brunch á sunnudögum milli kl. 11.30 og 14.00.

Verð á mann: 2.900 kr. Börn 6 til 12 ára borga hálf verð, frítt fyrir 5 ára og yngri.



Bókanir og allar upplýsingar veitir starfsfólk okkar á staðnum,
í síma 471 1500 og í tölvupósti á herad@icehotels.is.

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com

REYKJAVÍK NATURA

REYKJAVÍK MARINA

Í KEFLAVÍK

FLÚÐIR

KLAUSTUR

HÉRAÐ

AKUREYRI

HAMAR

Reyðarfjarðarkirkja 100 ára

Um síðustu helgi var haldið uppá þann merka atburð að Reyðarfjarðarkirkja er hundrað ára í ár en hún er elsta steinkirkja á Austurlandi. Húsfyllir var í kirkjunni sem og í safnaðarheimilinu þar sem athöfnin var sýnd á skjá. Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson prédikaði í tilefni dagsins. Að athöfn lokinni fór Gunnar Ragnar Jónsson yfir sögu Reyðarfjarðarkirkju sem hann hafði tekið saman. Hér fylgir hluti af samantekt hans:

„Um 1200 rekumst við á fyrstu heimildir um kirkju að Hólumum en þá er hún talin upp í kirknatali Páls Jónssonar biskups í Skálholti. Felur það fyrst og fremst í sér staðfestingu á því að prestskylda á Hólumum hefur haldist að minnsta kosti frá þeim tíma. [...]Þó heimildirnar séu þöglar tel ég litla ástæða til að ætla annað en að guðshús hafi risið í firðinum, og þá að öllum líkindum á Hólumum, fljótlega eftir kristnitöku.[...] Margir mætir menn og fróðir hafa setið staðinn í gegnum tíðina enda um ákaflega gjöfult brauð að ræða. En Hólmastaður var á tímabili þriðja tekjumesta brauð austanlands á eftir Hofi í Vopnafirði og Eyðólum í Breiðdal. [...] En hvaða ástæður ætli hafi búið að baki þeirri ákvörðun að færa kirkjuna frá Hólumum og inn á Búðareyri í stað þess að lappa upp á gömlu kirkjuna sem byggð var 1851 eða byggja þar nýja kirkju? Að mínu mati kemur tvennt til. Annars vegar það að 1899 var Hólmasókn skipt í tvennt með bréfi landshöfðingja. Er þá einnig tekin ákvörðun um kirkjubyggingu á Eskifirði. Við það verður Hólmakirkja sóknarkirkja Reyðfirðinga einna. Sóknarpresturinn situr hins vegar enn um sinn á Hólumum. Með þessari ráðstöfun færast kirkja Reyðfirðinga í útjaðar sóknarinnar. Staðsetningin var þannig orðin óhentug frá því sem



áður var þegar Hólmakirkja var staðsett sem næst mitt á milli tveggja þéttbýlustu svæða prestakallsins. Það sem þó hefur ráðið meiru í þessu máli er þéttbýlismyndun fyrir botni fjarðarins undir lok 19. aldar en árið 1910 eru 331 íbúar í Reyðarfjarðarhreppi og þar af 86 í þéttbýlinu samkvæmt Hagstofunni. Helstu býli hreppsins eru einnig staðsett nærri þorpinu svo staðsetningin er umfram allt hentug. [...] Sumarið 1910 samþykkir sóknarnefnd síðan samning sem gerður hafði verið um byggingu steinkirkju teiknaðri af Rögnavaldi Ólafssyni. Hófst smíði hennar um sumarið og var Guðni Þorláksson yfirmiður. Hafði hann sér til aðstoðar Ólaf Eliasson sem að var lærlingur í trésmíði. Skemmtilega sögu er að finna af Ólafi þessum í Reyðarfjarðarsögu Guðmundar Magnússonar. Sveinsstykki Ólafs var nýtt altari í kirkjuna á Búðareyri. Var það smíðað úr furu og þótti prýðilegur

smíðagripur. Altarið kom hins vegar aldrei inn í kirkjuna heldur var það selt árið 1919 fyrir 75 kr. eftir að hafa staðið um árabíl í geymslu Kaupfélags Héraðsbúa. Telur Guðmundur sölnu skýrast af aurapörf sóknarinnar til að standa straum af talsverðum viðhaldskostnaði við hið nýja kirkjuhús. Er það eflaust skynsamlega ályktað. Hitt er hins vegar á huldu hvers vegna gamalt og úr sér gengið altari Hólmakirkju var fært í hina nýju kirkju í stað furuskáps Ólafs.[...]15. febrúar 1911 er nýja kirkjan fullkláruð og afhent sóknarnefnd. Í kjölfarið er ákvörðun tekin um niðurrif og sölu Hólmakirkju en skrautgripir og áhöld hennar, 37 að tölu, skuli færðir í hina nýju kirkju Reyðfirðinga.[...] Þrátt fyrir að kirkjan sé í raun tekin í notkun um veturinn 1911 er hún ekki vígð fyrr en þann 18. júní sama ár líkt og áður segir og var heildarkostnaður byggingarinnar 6763,99 kr.[...]1969 kemur smávægilegur eldur upp í kirkjunni og þarf í kjölfarið að ráðast

í viðgerðir. Við það tilefni var einnig lagt vatn inn í kirkjuna og handlaug sett þar upp. Allsherjar endurbætur á kirkjuhúsinu fara síðan fram 1976 og þá er gluggi sem fram að því hafði verið ofan altarisins fjarlægður og í staðinn máluð mynd af lambi Guðs með sigurfána. [...]21. ágúst 1994 var miklum áfanga í sögu safnaðarins náð þegar að safnaðarheimili var vígt. Björn Kristleifsson, arkitekt á Egilsstöðum teiknaði safnaðarheimilið og einnig tengibygginguna við kirkjuna sem að byggð var síðar. [...] Með þessu húsi var safnaðarstarfinu öllu tryggð betri og traustari umgjörð heldur en verið hafði fram að því. [...] Árið 2000 var síðan síðustu allsherjar endurbótunum á kirkjuhúsinu lokið en skipt var um gólf, bil á milli bekkja lengt, nýjum predikunarstól og altari komið fyrir auk þess sem opnað var á milli safnaðarheimilis og kirkju. Var þetta mikil andlitslyfting fyrir hið níræða kirkjuhús og tel ég flesta sam-mála um að þær hafi tekist vel. [...]“

Mótmæltu einelti


Seyðisfjarðarskóli hélt upp á Olweusardaginn í síðustu viku. Olweusarverkefnið gegn einelti gengur út á það að standa fyrir fræðslu um einelti, koma á vitundarvakningu og veita færnipjálfun til handa starfsfólki til að útrýma einelti í skólum. Innleiðing Olweusaráætlunarinnar nær til tveggja skólaára í hverjum skóla sem sækjast eftir því að vera þátttakendur. Allir starfsmenn skólans eru þátttakendur í umræðuhópum sem hittast reglulega og þurfa að tileinka sér námsefni og aðferðir Olweusaráætlunarinnar. Jafnframt er viðamikil könnun um einelti lögð fyrir, tvisvar sinnum á hverju skólaári. Samkvæmt upplýsingum Olweusarverkefnisins taka þó nokkrir skólar á Austurlandi þátt í verkefninu en það eru: Vopnafjarðarskóli, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskóli

Stöðvarfjarðar, Grunnskólinn á Eskifirði, Grunnskóli Reyðarfjarðar, Nesskóli, Grunnskólinn á Egilsstöðum og Eiðum og Seyðisfjarðarskóli. Á Seyðisfirði er mikið lagt í verkefnið og nemendur Seyðisfjarðarskóla taka virkan þátt í verkefninu. Á Olweusardaginn er eingöngu fjallað um einelti í skólanum og leiðir til þess að koma í veg fyrir einelti. Settar voru upp mismunandi smíðjur sem nemendur skrðu sig í og unnu með ýms verkefni. Í boði voru: listasmíðja, viðtals- og bæklingasmíðja, tónlistarsmíðja, myndbandssmíðja og skiltasmíðja. Bæjarbúum var boðið að koma og fylgjast með og taka þátt. Í skólanum má, eftir daginn, finna svokallað móðurtré (hamingjutré) Olweusardagsins en stofnunum og fyrirtækjum í bænum voru færðir táknrænar aflegjarar af því.



Krossgáta

Enn á ný sendir hún Þórunn Sigurðardóttir frá Skipalæk í Fljótsdalshéraði okkur þessa heimatilbúnu og skemmtilegu krossgátu fyrir áhugasama lesendur Austurgluggans. Austurglugginn mun birta lausnir við krossgátunni í næsta blaði sem kemur út þann 28. október.



Skýringar á gátu nr 10

Lárétt

- 1 Gráta
- 3 Kjaftagangur
- 7 Á fyrir meiru en nauðþurftum
- 8 Vinnuástaða bókarans - þolfall
- 9 Væntumþykju
- 10 Stöngin með ljós á endanum
- 13 „Kópía“
- 14 Fúslega
- 17 Aðskiljunartæki
- 18 Ekki heidarlegur
- 21 Fræðir
- 24 Háttur - Þolfall
- 25 Hesturinn með öfugu hófana
- 27 Óeirðimar
- 29 Kryddbrauð
- 31 Lærð í töfrabróðum
- 33 Mjög smátt
- 34 Innbrotið
- 35 Tyftunarstund

Lóðrétt

- 1 Útgjaldalaus til ríkisins
- 2 Afmarkað svæði
- 3 Drasl
- 4 Tárið
- 5 Höfðingsskapurinn
- 6 Hjálpartæki (t.d. í frystihúsum)
- 9 Maðurinn
- 11 Lengst frá
- 12 Góður eiginleiki
- 15 Á rafmagnstöflu
- 16 Vitneskja fengin á óvenjulegan hátt
- 19 „Bónus“
- 20 Mjög áliðið nóttu
- 21 Viknar
- 22 Nánd
- 23 Ómaklega umtalið
- 26 Útkall
- 28 Fjötur - Þolfall
- 30 Kvenmannsnafn eða klettur
- 32 Auðkenni

Lausn á gátu nr 9

Lárétt

- 1 Austurland
- 7 Svilkonur
- 8 Borðið
- 9 Auðugur
- 11 Innkuls
- 12 Tígulegi
- 13 Hálfnaður
- 14 Kaunin
- 15 Bændur
- 20 Bull
- 21 Æsingurinn
- 22 Óskertur
- 26 Ástasamband
- 28 Ananas
- 30 Akrana
- 32 Aflöng
- 33 Kolsýran
- 34 Talsmáta
- 35 Ræna

Lóðrétt

- 1 Ambáttin
- 2 Ráðstefnan
- 3 Alfarrinn
- 4 Klárinn
- 5 Fossnið
- 6 Kunnugri
- 7 Saumnál
- 10 Sumarblót
- 14 Fíflí
- 16 Sunnudagana
- 18 Kærastana
- 19 Fikta
- 20 Bandaríkin
- 23 Klístur
- 24 Rússarnir
- 25 Sakamál
- 27 Boltar
- 29 Andlát
- 31 Afsal

MATGÆÐINGUR VIKUNNAR



Anna Valgerður Hjaltadóttir

Aðalréttur af fjallinu, meðlæti og desert úr garðinum

Kjötþúðingur úr hreindýrahakki

- 500 gr hreindýrabakk
- 300 gr svínabakk
- 1 stk, egg
- 2 dl. rjómi (matarrjómi)
- 3 sneiðar samlokubrauð án skorpu, skorð í smáa teninga
- 3 stk hvítlauksgeirar
- 1 tsk timian
- 1 tsk basilikum
- 1 tsk rósmarin
- 1 tsk töfrakrydd (pottagaldrar)
- 1 bréf beikon
- Salt og pipar

Allt hrært saman og mótað í lengju og lagt í miðjuna á eldföstu fati- álpappír settur yfir og gufusoðið í ofni við 175 gráður í 1 klst. Álpappírinn tekinn af og beikoninu raðað yfir þúðinginn og stappan sett meðfram þúðingnum - hækkið hitann í 185 og bakið áfram í 25 mín, skellið grillinu á seinustu 5 mín.

Ég skora á Katrínu Málfríði Björnsdóttur sem næsta matgæðing Austurgluggans.

Verði ykkur að góðu.

Kartöflumúsin/stappan

- 500 gr kartöflur (soðnar og stappaðar)
- 4 stk hvítlauksgeirar
- 200 gr sveppir
- 100 gr smjör
- 1 stk egg
- Salt og pipar

Allt hrært saman

Meðlæti: Svissað grænmeti

- 1 lítill hvítkálsbaus (ca. 500 gr)
- 150 gr þúrrulaukur
- 100 gr sellerikal
- 2 msk balsamedik

Saxið grænmetið og svissid á pönnu - alls ekki of mikið. Kryddið með Italian herb seasoning og hellið balsamedikinu yfir rétt áður en grænmetið er borið fram.

Desert: einfaldur og fljótlegur

- 500 gr rabbabari (skorinn í bita)
- 500 gr fersk jarðaber
- 150 gr sykur
- Rjómi/ís

Rabbabari og sykur soðið saman við lágan hita í 5 mín, jarðaberjunum bætt út í, suðan látin koma upp, potturinn tekinn af og látið kólna. Borið fram með rjóma eða ís.

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR

A.A. fundir Austurlandi
Fáskrúðsfjörður: Ráðhúskjallari
 föstud. kl. 20:30.
Stöðvarfjörður: Þjónustusími: 848
 0301 og 892 7635.
Egilsstaðir: Furuvellir 10
 Þriðjud. kl. 20:00 (spor), föstud.
 kl. 20:00,
 laugard. kl. 22:00, sunnud. kl. 20:00.
 Þjónustusími 898 3910.
Eskifjörður: Kirkjumiðstöðin
 laugardaga kl. 20:30.
Neskaupstaður: Mýrinni, Mýrargötu 8
 Þriðjud. kl. 20:30,
safnaðarheimilið föstudaga kl. 20:30.
Reyðarfjörður: Þriðjud. kl. 20:00
 í safnaðarheimilinu.

AL-ANON fundir eru á mánudögum
 kl. 20:00, Furuvöllum 10 á Egilsstöðum.
AL-ANON Eskifirði
 fundir eru á miðvikudagskvöldum kl.
 20:00, Kirkjumiðstöðinni Eskifirði.

ANNÆÐ



Allur útbúnaður fyrir heimilishænur á einum stað.
 Hænsnakofar í nokkrum stærðum, fóður- og
 drykkjardallar, fóður, útungunarvelar í nokkrum
 stærðum o.fl. Útvegum einnig hænur í varpi.
Ísbú búrekstrarvörur – www.isbu.is
 Sími 571-3300

KIRKJUSTARF

Egilsstaðakirkja:

Sunnudagurinn 23. október:
 Sunnudagaskóli kl. 11. Messa kl. 17
 (ath. tímunn). Gengið til kirkju frá
 Egilsstaðabúinu kl. 16 í tilefni útkomu
 rits sr. Vigfúsar I. Ingvarssonar, „Kirkjur
 og kirkjugöngur í Múlaprófastsdæmi.“
 Stjórnumstund (7-9 ára) fim. kl. 17.

Safnaðarheimili, Hörgsási 4:

Foreldramorgnár mán. kl. 10-12 og mið.
 kl. 13-15. Kyrrðarstund mánudaga kl. 18.
 TTT-starf þrið. kl. 16:00. Bibí – æsku-
 lýðsfélag fim. kl. 20.

Kirkjuselið í Fellabæ:

Kirkjuskólinn í Fellabæ laugard. kl. 11.
 TTT-starf (leiklist) mánud. kl. 16:15.
 Seyðisfjarðarkirkja: Sunnudagurinn, 23.
 október: Guðsþjónusta kl. 14.

Vopnafjarðarkirkja:

Sunnudagurinn 23. október: Taizé-
 messa kl. 17. Kærleiksmarabon æsku-
 lýðsfélagsins. – TTT-starf þrið. kl. 14.
 Æskulýðsfélag þrið. kl. 20.



www.akurinn.is

**Velkomin
til Akureyrar**

**Akurinn
Gistiheimili**

Brekkgötu 27a - Akureyri - Sími 461 2500
www.akurinn.is

FLUTNINGAR

FLUTNINGAR

Mánudaga og miðvikudaga
 Austurland - Reykjavík
 Þriðjudaga og fimmtudaga
 Reykjavík - Austurland
 (opið til kl. 17:00 á VFS)
 VFS
 Héðinsgata 1-3, 105 Reykjavík
 Sími 533-2211
 Fimmtudagar
 Egilsstaðir-Vopnafjörður-Egilsstaðir

Austurfrakt
 Lagarbraut 7 - 700 Egilsstaðir
 Sími 471-1112
WWW.AUSTURFRAKT.IS
AUSTURFRAKT@AUSTURFRAKT.IS



Eimskip Austurland – Afgreiðslur:
 Reyðarfjörður, Eskifjörður,
 Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður,
 Breiðdalsvík: 525 7973
 Egilsstaðir: 525 7970
 Neskaupstaður: 525 7974
 Djúpvogur: 525 7966
 Hornafjörður: 525 7978
 Eimskip Mjóeyrarhöfn: 525 7960



TOYOTA Land cruiser 90 38"

Árgerð 2000, ekinn 203 þús. km., dísel,
 sjálfskiptur **Verð 2.150.000.-**



RENKEN 2000 classic

Árgerð '01, ekinn 3 þús. km.,
 bensín, sjálfskiptur
Verð 1.200.000.-



Fagradalsbraut 25 • 700 Egilsstöðum

471 3005 • 471 3008
www.b1.is

www.mdvelar.is

GISTING



Gisting í keflavík

Lítið kósý hús í miðbænum. Svefnpláss
 fyrir 1 – 8, 3 svefnherbergi. Hentugt fyrir/
 eftir flug. Persónuleg og góð þjónusta.
 Nánari upplýsingar á www.svitan.is eða í
 síma 6631269 Dagmar.

HÁR & SNYRTING



Fellabæ ☎ 471 2404
 Opið virka daga 9:00 - 17:00

HÁRHÖLLIN

Dynskógar 4, Egilsstöðum
 sími 471 1331
 Opnum alla virka daga kl. 9

VEITINGAHÚS

Brekkan
Stöðvarfirði

Verslun, veitingar og gjafavara
 Mánudaga - föstudaga kl. 09:30 - 22:00,
 laugard., kl. 10:00 - 22:00, sunnud. kl.
 11:00 - 20:00, sími 475 8939.



Gisti- og veitingahús

Búðargötu 4 Reyðarfirði • Sími 470 5555
Í PIZZUM ERUM VIÐ BETRI



www.egilsstadir.com • sími 471 1114
 Hótelíð við Fljótið
Eldhúsið opið alla daga 12 til 21



Góður veitingastaður

með fjölbreyttum matseðli
 Veisluþjónusta: Barnaafmæli, pizzur og fl.
 Veislu fyrir stærri hópa. Bolti í beinni á
 100" breiðtjaldi og 50" sjónvarpi.

INNANSTOKKS



Miðási 9 • Egilsstaðir • Sími: 470-1600

TRYGGINGAR/ÖRYGGI

SJÓVÁ

440 2400

Sjóvá • Miðvangi 1 • 700 Egilsstöðum
 Opið 8:30 - 16:30 alla virka daga.

MARKAÐUR



Miðás 7 • sími 471 3002
 Opið virka daga 10 - 18 - Laugard. 13 - 15

BIFREIÐAÞJÓNUSTA



RA.is

Bílaverkstæði Austurlands
 Bílaverkstæði/bílasala
 Opið mán.-fim. Kl. 8-18 - Fös kl. 8-17
 Sími 470 5070



S:471-2005 GSM:897-7766

Réttingar og sprautun
 Framrúðuskipti
 Bílaleiga.
 Opið virka daga kl. 8-18



Smiðjusetl 5 • Fellabæ
 700 Egilsstaðir • s: 471 1696



Opið mánud.-föstud. kl. 8-12 og 13-18
 Lyngás 5 • 700 Egilsstaðir • sími 471 3113

BÍLA OG VÉLAVERSTÆÐI



Sími 471 2013 • www.rafey.is
 Miðási 11 • 700 Egilsstaðir

Bíla- og vélaverkstæði
 Rafverktakar- Rafeindapjónusta
 Rafvélapjónusta • 8:00 til 18:00

GLERAUGU/ÚR/SKART



Gleraugnaþjónusta, gullsmíði & úrsmíði
 Lagarás 8 - Egilsstaðir - s. 471 2020
 Búðareyri 15 - Reyðarfjörður - s. 474 1234
 Gsm 692-9990

ÞVOTTAHÚS



Opið 7-12 og 13-17 • 474-1274

Fiðrildið

Notað og nýtt fyrir börnin

Kíkið endilega á heimasíðuna okkar www.fidrildid.is
 Erum einnig á www.facebook.com/fidrildid



Tap í fyrsta leik vetrarar

Fyrsti leikur Hattar í 1. deild Íslandsmótsins í körfuknattleik fór fram í íþróttabúsinu á Egilsstöðum fyrir skemmstu. Þar tóku þeir á móti Skallagrímsmönnum frá Borgarnesi. Byrjunarlið Hattar vakti talsverða athygli þar sem aldursforsetinn, Kristinn Harðarson, 37 ára, byrjaði leikinn ásamt tveimur 16 ára guttum, Andréssi Kristleifssyni og Eysteini B. Ævarssyni, skemmtilegur 21 árs aldursmunur þar. Með þeim byrjuðu bandarísku leikmennirnir Michael Sloan og Trevon Bryant.



Nýjir leikmenn Hattar ásamt ungum iðkenda. Trevon Bryant, Sveinbjörn Fróði og Michael Sloan.

Leikurinn fór hratt af stað, mikið af klaufamistöfum og sannkallaður haustbragur á báðum liðum. Michael Sloan fór á kostum í fyrri hálfleik og skoraði hvorki meira né minna en 32 stig. Trevon Bryant, miðherji Hattar (209cm), virkaði þungur og ógnaði hvorki í vörn né sókn. Dominique Holmes og Lloyd Harrison drógu vagninn fyrir Skallagrím ásamt ungum og efnilegum strákum, sérstaklega leikstjórnandanum Birgi Þór Sverrissyni, sem stjórnaði sínum mönnum eins og sannur herforingi. Hattarar voru alltaf skrefinu á undan og á tímabili leiddu þeir með 16 stigum. Í öðrum leikhlutum söxuðu Borgnesingar á forskotið og í hálfleik var munurinn aðeins eitt stig, 47-46. Í seinni hálfleik beittu Borgnesingar pressuvörn sem Hattarmenn áttu í mesta basli með og töpuðu boltanum ítrekað. Sóknarleikur þeirra var tilviljanakenndur og vantaði tilfinnanlega skipulag í leik þeirra. Ekkert gekk upp, hvorki í vörn né sókn á þessum kafla og æfð sóknarkerfi runnu út í sandinn. Borgnesingar gengu á lagið, skoruðu margar auðveldar körfur og söxuðu jafnt og þétt á forskot Hattar. Hattarmenn gáfust þó ekki upp og leiddu leikinn allt þar til Skallagrímur skoraði flautukörfu við lok 3. leikhluta og komust 2 stigum yfir, 67-69.

Í 4. leikhluta kláruðu Skallagrímsmenn svo dæmið og unnu örugglega með 11 stigum 82-93. Trevon spilaði lítið og hæð hans nýttist illa, fékk sína fimmtu villu fljótlega í leikhlutunum. Hattarmenn virtust þreyttir í leikhlutunum og gáfust hreinlega upp. Þá jókst trú Skallagríms á verkefninu og sigurvilljinn var þeirra megin.

Bæði lið eru með marga unga leikmenn sem eiga framtíðina fyrir sér og virkilega gaman að sjá til þeirra í leiknum. Þessir efnilegu

leikmenn skiluðu sínum hlutverkum með stakri þryði.

Nýir menn koma sterkir inn

Í liði Hattar var Mike Sloan stigahæstur með 42 stig, hirti 13 fráköst og gaf 5 stoðsendingar. Bjarki Ármann Oddsson kom sterkur inn í Hattarliðið og átti finan leik, bæði í vörn og sókn. Hjá Skallagrími voru bandarísku leikmennirnir í aðalhlutverkum og einnig lék Hörður Hreiðarsson mjög vel, skoraði 21 stig og tók 4 fráköst.



Þungir þankar

Austurland og uppgrípin

Sigurjón Bjarnason skrifar:

Ég flutti til Austurlands 1965. Þá var mikill uppgangur í austfirsku atvinnulífi, síldin var alls ráðandi og talið var að helmingur þjóðarinnar væri við störf í fjórðungnum eða á Austfjarðamiðum.

En gleðin var endaslepp. Síldin hvarf endanlega þrem árum seinna og það fjármagn sem þessi skammlífa auðlind hafði skapað rann að stærstum hluta út úr fjórðungnum. Því sem ekki hafði verið sóað í stundarbrjálæði síldaráranna sat eftir í höndum einstaklinga, sem aldrei höfðu hugsað sér að styðja austfirskt atvinnulíf sérstaklega, hvað þá að hafa þar fasta búsetu.

Svo kom skuttogaraöldin.

Í Seðlabankanum var til allvænn gjaldeyrisvarasjóður. Hann var nýttur til endurnýjunar fiskiskipaflotans og

Jafn leikur þrátt fyrir ítrekuð mistök í leik Hattar

Eftir leikinn sagði Viðar Örn Hafsteinnsson, þjálfari Hattar: „Við vorum mjög góðir í fyrri hálfleik og Mike hélt okkur náttúrulega á floti. Seinni hálfleikur var jafn að mínu mati og við hentum alltof mörgum boltum frá okkur sem er ekkert nema okkar mistök, það var ekki að þeir hafi verið svona góðir heldur gerðum við of mörg mistök.“

Pálmi Þór Sævarsson, þjálfari Skallagríms, var að vonum ánægður með sigur í fyrsta leik vetrarins og sagði leikinn hafa verið „jafnan allan tímann og okkur gekk illa að stoppa kanann þeirra, en svo breyttum við um varnartaktik sem hjálpaði okkur að vinna á þeim. Ég var virkilega ánægður með liðsandanum í mínu liði og sérstaklega með ungu strákana sem stigu upp í þessum leik. Ég tel að Hattarmenn komi til með að vera harðir í horn að taka eftir að þeir slípa sig saman.“

Stefán Númi Stefánsson tók saman.

það reyndu og kostaði gjaldþrot fyrir lífstíð.

Nýjasta dæmið er uppbygging Fljótsdalsvirkjunar og álvers við Reyðarfjörð. Það var að vísu æði fjörugt athafnalíf á Austurlandi í þrjú eða fjögur ár. En þó að endalokin hafi verið fyrirsjáanlegust af öllum þessum ævintýrum, sitja þá Austfirðingar eftir með timburmenn, sem tímafrekt verður að ná úr sér.

Og enn fækkar fólki á Austurlandi.

Til hvaða hrossalækninga verður gripið næst?

Eða er atvinnulíf Austurlands háð því að þiggja örvandi sprautur, sem virka í bili en kalla á ný kvíðaköst og þunglyndi þegar af okkur rennur?

Sigurjón Bjarnason

Ert þú áskrifandi?

Komdu í hóp ánægðra áskrifenda.

Hringið í síma 477 1571

Eða sendið póst á auglysing@asturglugginn.is



Olga Lís Gardarsdóttir

Hugleiðing

Ég var þeirrar gæfu aðnjótandi að fá boð um að ganga í Rótarý hreyfinguna sl. vetur. Síðan þá hef ég mætt á fund einu sinni í viku, hitt félaga mína í klúbbnum, hlustað á upplestur, ljóðalestur og fræðst um allskyns samtök, fyrirtæki og stofnanir í nærsamfélagi mínu. Einkar gefandi og notaleg kvöldstund sem ég hlakka alltaf til að upplifa. Stundum fáum við boð í fyrirtæki og er það ekki síður fróðlegt og líður mér seint úr minni leiðsögnin sem við fengum um Síldarvinnsluna sl. vor. Fyrir viku mættu tveir nemendahópar úr VA til okkar á fund og kynntu fyrir okkur verkefni um dvergvox og klónun. Mjög áhugaverð fræðsluerindi sem nemendur í erfðafræði notuðu sem fjáröflun til að fjármagna heimsóknir í fyrirtæki sem sinna erfðafræðirannsóknunum í Reykjavík.

Í þessari viku heimsóttu fimm rótarý félagar frá Ástralíu klúbbinn minn en eitt af megin markmiðum rótarý er að tengja fólk saman, ekki síst frá ólíkum löndum og menningarheimum. Þar er einnig leitast eftir að klúbbmeðlimir komi úr sem fjölbreyttustu starfstéttum, þannig er lærdómsríkt að kynnast ólíkum hlutverkum meðlima. Ástralarnir fræddu okkur um uppruna sinn og þau landsvæði sem þau koma frá í Ástralíu. Hópurinn hefur verið á Íslandi í þrjár vikur og heimsótt rótarýklúbba vítt og breytt um landið. Þau höfðu á orði hvað matur hér væri ferskur og landið einstaklega fallett og tært og hvergi hefðu þau fengið betra vatn. Ísland er jú eitt auðugasta land í heimi hvað varðar vatnsbúskap. Á morgun fæ ég síðan tækifæri til að sýna þeim Verkmennaskóla Austurlands og verður gaman að bera okkar skóla saman við þeirra en í hópnum eru skólustjóri og kennari. Samtal á milli heimsálfa er ómetanlegt, fróðlegt og gefandi. Þátttaka í jákvæðum félagsskap í nærumhverfinu gefur aðra vídd í tilveruna og er mikilvægt mótvægi við hversdaginn.

Vinavika 2011 á Vopnafirði

Vinavikan er nú haldin í annað sinn af unglíngunum í æskulýðsfélagi Hofsprestakalls – Kýrosi. Meðan á vikunni stendur munu unglíngarnir standa fyrir fjölbreyttri dagskrá, ýmsum viðburðum og óvæntum upptökum

Hugmyndin að Vinavikunni varð til í æskulýðsfélagi Hofsprestakalls – Kýrosi. Á sunnudaginn var Vinabíó sem var fjölsótt, þá voru fyrirtæki og stofnanir skreytt með blöðrum, hjörtum og fallegum skilaboðum í tilefni af Vinavikunni. Í fyrstu skímu morguns fóru unglíngarnir af stað og dreifðu hjörtum til íbúanna sem á voruð skrifuð skilaboð sem minna á mikilvægi vináttu og kærleika. Með þessu framtaki sýna unglíngarnir hvað má gera mikið með einföldum hætti, hafa áhrif á umhverfið og oft þarf ekki mikið til að gleðja og vekja jákvæðar tilfinningar. Miðvikudaginn 19. okt. sl. var haldin Vinaskrúðganga.


Æskulýðsfélagið mun standa fyrir ýmsum óvæntum upptökum næstu daga, en nokkur leynd hvílir yfir þeim viðburðum. Á fimmtudaginn var svo haldið upp á Vinadaginn en þá leggja unglíngarnir sig fram við að framkvæma góðverk fyrir náungann. Á sunnudaginn verður

kærleiksmarabon í safnaðarheimili Vopnafjarðarkirkju. Þar verður boðið upp á ókeypis vöfflukaffi, bílaþvott, andlitsmálun fyrir börnin ofl. Einnig verður gengið í hús og boðin fram aðstoð við tiltekt og heimilisstörf. Þá lýkur dagskrá Vinavíkkunnar með Vinamessu kl. 17:00 í Vopnafjarðarkirkju, þar sem unglíngar taka virkan þátt. Á eftir er pítsuveisla og Vinavíkkunni 2011 lýkur með flugeldasýningu. Tilgangur Vinavíkkunnar er að minna á hin sönnu verðmæti lífsins, vináttuna og kærleikann: „Jesús sagði: Þetta býð ég yður að, þér elskið hvert annað.“ (Jh. 15.17). Í vinavíkkunni eru allir hvattir til að sýna umhyggju; heilsa, vinka, brosa, heimsækja, rétta hjálparhönd og þannig styrkja jákvæð tengsl hvert við annað.

Unglíngarnir í æskulýðsfélaginu leggja sig fram um að allt fari vel við framkvæmd vinavíkkunnar enda er þetta þeirra hugmynd og framkvæmd.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Hofsprestakalls: www.kirkjan.is/hof.

Dagskrá vikkunnar er styrkt af HB Granda hf., Bílum og vélum ehf. á Vopnafirði, Landsbankanum, Hótel Tanga, Kiwanisklúbbnum Öskju, Kaupþúni og Mónakó.



Knattspyrnuakademía Tandrabergrs 2011

Knattspyrnuakademía Tandrabergrs, sem yngri flokkar Fjarðabyggðar standa að, fór fram um síðustu helgi í Fjarðabyggðarhöllinni. Fótboltaæfingar, kvöldvaka og fyrirlestur voru á dagskránni sem byrjaði kl. 15:00 á föstudegi og lauk kl. 16:00 á laugardegi. Um 200 þátttakendur víðsvegar að af Austurlandi, á aldrinum 6 – 15 ára, tóku þátt að þessu sinni og hefur þátttakan aldrei verið meiri en þetta var í þriðja skiptið sem akademían er haldin undir merkjum Tandrabergrs. Um 14 þjálfarar úr Fjarðabyggð og Pepsideild kvenna ásamt leikmönnum úr Pepsideild karla stjórnuðu æfingum og voru krakkarnir mjög ánægðir með þær æfingar sem boðið var upp á. Einnig var sú nýbreytni þetta árið að boðið var upp á fyrirlestur fyrir foreldra sem



þótti takast mjög vel. Yngri flokkar Fjarðabyggðar vilja þakka öllum þátttakendum fyrir komuna, öllum þjálfurum og þeim fjölmörgu foreldrum sem lögðu hönd á plóginn.

**Íbúar á veitusvæði
Hitaveitu Egilsstaða og Fella
greiða lágan húshitunarkostnað
Gerð verðsamanburð**

